

Ágætu nefndarmenn efnahags – og viðskiptanefndar,

Það er félagsmönnum Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar mikið fagnaðarefni að frumvarp um **endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja** skuli vera komið fram á Alþingi. Við lýsum yfir fullum stuðningi við frumvarpið og skorum á Alþingi að samþykkja það. Þetta er afar mikið framfaraskref fyrir alla íþróttastarfsemi í landinu og mun létta undir með allri uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við þekkjum það af eigin raun hve mikilvægt það er að hafa góða aðstöðu til eflingar okkar starfsemi. Það er ekki aðeins að öll æfingaaðstaða hafi bætt mjög árangur okkar félaga, heldur hefur það ekki síður bætt alla okkar félagsstarfsemi. Við erum með mjög öflugt unglíngastarf og má segja að GKG sé nú með fleiri þátttakendum í því starfi en allir hinir golfklúbbarnir á höfuðborgarsvæðinu til samans. Þetta hefur náðst með þeirri nýju æfingaaðstöðu sem við höfum byggt, með góðri aðstoð Kópavogs og Garðabæjar. Við þekkjum því vel hve miklu það breytir að hafa góða aðstöðu fyrir okkar fólk. Félagsmenn í GKG hafa lagt fram mikla vinnu og tíma í sjálfboðavinnu til að ná þessum árangri og erum við nú með frekari áform um áframhaldandi uppbyggingu á æfingaaðstöðunni.

Það er fyrst og fremst grasrótin í íþróttahreyfingunni sem mun njóta frekari uppbyggingar íþróttamannvirkja með samþykki umrædds frumvarps.

Kópavogi 20. febrúar 2019

Guðmundur Oddsson, formaður GKG